



Reykjavík, 24. maí 2016

Niðurstöður athugunar á líftíma eigna og skuldbindinga samtryggingardeildar Stapa lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á eigna- og skuldbindingajöfnuði samtryggingardeildar Stapa lífeyrissjóðs í október 2015, einkum líftíma eigna og skuldbindinga. Markmið athugunarinnar var að skoða flökt sem var á meðallíftíma skuldbindinga sjóðsins samkvæmt álagsprófum Fjármálaeftirlitsins fyrir árin 2012 til 2014 og fá innsýn í það hvernig sjóðurinn fylgist með meðallíftíma eigna og skuldbindinga.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í maí 2016. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að villa var í útreikningum sem sjóðurinn sendi til Fjármálaeftirlitsins við regluleg skýrsluskil vegna álagsprófa fyrir árin 2012 og 2014. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sjóðurinn tryggi að fyllstu varkárni verði framvegis gætt við skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins. Villan olli töluverðu flökki á meðallíftími skuldbindinga í álagsprófi fyrir tímabilið 2012 til 2014. Hefur sjóðurinn nú þegar skilað inn leiðréttum skýrslum og gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við leiðrétt skýrsluskil.